



Úr ræðu Áka Jakobssonar við eldhúsdagsumræður 12. maí 1950

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Dómsmála- og Utanríkisráðherra – Áki Jakobsson – Eldhúsumræður
- 1950

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórn­málamaðurinn
Askja 2-11, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ur reðu Aka Jakobssonar

v/ eldhúsdagsumræður

á Alþingi (Þjóðv. 12. maí '50) -

Markaðirnir í Austur-Evrópu eyðilagðir.

Í markaðsmálum var gjörbreytt um stefnu, í stað þess að leitast við að hafa markaði bæði í vestri og austri eins og nýsköpunarstjórnin hafði gert. Fyrst eftir að stjórn Stefáns Jóh. settist að völdum leit út fyrir, að hún setlaði að fylgja sömu stefnu í markaðsmálum og fyrirrennari hennar. Nefndir voru sendar til samninga bæði til London og Moskva og tóku allir flokkar þátt í þeim nefndum. Þrátt fyrir það þó sósíalistar væru stjórnarandstöðu voru þeir fúsir til samstarfs um að viðhalda þeim mörkuðum, sem unnist höfðu og afla nýrra. Þetta samstarf bar góðan árangur. Nefndirnar, sem sendar höfðu verið út, komu báðar heim með samninga, sem eftir atvikum voru samlegir. Þá var fyrir árið 1947 gerður samningur við Sovétríkin um sölu á ísl. afurðum fyrir um 90 milljónir kr. En friður um markaðsmálin stóð ekki lengi. Skömmu eftir heimkomuna var Ldövik Jósefssyni vikið úr samninganefnd utanríkisviðskipta fyrir "trúnaðarbrot", að því er Bjarni Benediktsson tilkynnti, þó hann enga tilraun gerði til að finna orðum sínum stað. En þetta nægði Bjarna ekki, heldur byrjaði hann furðulegan áróður um viðskiptin við Sovétríkin. Framkoma þessi er sennilega alveg einstæð af utanríkisráðherra ~~okkar~~ að vera. Eg setla ekki að fara að rekja hér allt hið furðulega háttalag utanríkisráðherra okkar í framkomu við þjóð, sem við höfum hag af að halda viðskiptum við. En árangurinn af starfi hans er kominn á daginn. Sovétríkin, sem gerðu samninga um kaup á útflutningsvörum Ísland-
inga fyrir um 60 milljónir króna 1946 og um 90 milljónir króna 1947, hafa ekki óskað eftir að tala við Bjarna Benediktsson eða sendimenn hans síðan, en þjóðin situr eftir með hraðfrystan fisk og fleiri vörur, sem hún getur ekki selt. Það er ástæðulaust að hafa sterk orð um störf Bjarna Benediktssonar að markaðsöflun. Í því efni mun þjóðin dæma hann eftir verkunum." ...